21.tbl.
4. júní.2025
32 árg.

# Hlaupastelpan

*Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386*

## Hátíðaguðsþjónusta á Hvítasunnu



í Mývatnssveit verður haldin
í Skútustaðakirkju þann 8. júní klukkan 14:00

Verið hjartanlega velkomin
og gleðilega Hvítasunnu!

sr. Örnólfur

FERMINGARMESSA Í DRAFLASTAÐAKIRKJU
SUNNUDAGINN 8.JÚNÍ KL.13

SÓKNARBÖRN SÉRSTAKLEGA HVÖTT TIL AÐ MÆTA
OG BJÓÐA FERMINGARBARNIÐ VELKOMIÐ Í
SÖFNUÐINN.



## Auglýsing um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna breytinga á deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar

Þingeyjarsveit

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 22. maí 2025 deiliskipulagsbreytingu Þeistareykjavirkjunar.
Svæðið sem tekur breytingum er við skiljustöð þar sem mannvirkjabelti M-2 er stækkað og tveimur lóðum ásamt byggingareitum er bætt við. Markmiðið er að reisa á annarri lóðinn toppþrýstingsvirkjun sem nýtir glatvarma á svæðinu og á hinni aðstöðu fyrir afleidda starfsemi jarðvarmavirkjunarinnar.
Eftir auglýsingu var gerð minniháttar breyting á stærð lóðar og byggingareitar fyrir toppþrýstingsvirkjun. Málið er í skipulagsgátt nr. 423/2025.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar

# ATHUGIÐ !!

## Hlaupastelpan tekur sér langt sumarfrí þ.e. frá 01. júlí til 18. ágúst 2025

Hlaupastelpan er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

**hlaupastelpan@isl.is**

***Verðskrá:***

| | |
|---|---|
| ***Hálfsíðuauglýsing*** | ***kr. 4.600.– m.vsk*** |
| ***heilsiðuauglýsing*** | ***kr. 6.620.- m vsk.*** |

***Hlaupastelpunar er að finna á :***

https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan